

Desember 2014

***Sorpeyðingarstöð Suðurnesja s/f***  
***Umsókn um endurnýjun starfsleyfis***

Samantekt upplýsinga og fylgiskjala:  
Ingþór Karlsson véliðnfraeðingur

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík



### Málefni: Umsókn um endurnýjun starfsleyfis

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja s/f sækir hér með um endurnýjun starfsleyfis fyrir meðhöndlun og förgun úrgangsefna á athafna- og starfssvæði sínu.

Ástæða umsóknarinnar er að núgildandi starfsleyfi rennur út hinn 1. febrúar 2016.

Umsækjandi: Sorpeyðingarstöð Suðurnesja s/f  
Heimilisfang: Berghólabraut 7. 230 Reykjanesbæ  
Kennitala: 531278 – 0469  
Sími fyrirtækis: 421-8010  
Rafpóstur: [kalka@kalka.is](mailto:kalka@kalka.is)

Ábyrgðaraðili umsóknar: Jón Norðfjörð, framkvæmdastjóri  
Símar 421-8010 / 892-2111  
Netfang [jon@kalka.is](mailto:jon@kalka.is)


Umsóknin er unnin samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig eru til hliðsjónar eftir því sem við á reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Fyrirtækið rekur brennslustöðina Kólku og hefur starfsemin verið með álíka hætti síðan stöðin tók til starfa árið 2004.

### Upplýsingar og fylgiskjöl:

Hér meðfylgjandi umsókninni eru allar umbeðnar upplýsingar og fylgiskjöl sem varða helstu þætti starfseminnar. Umsjón með vinnslu og samantekt upplýsinga hafði Ingþór Karlsson, véliðnfræðingur, rekstrarsjóri brennslustöðvarinnar Kólku.

Reykjanesbæ 18. desember 2014  
Virðingarfyllst,  
F.h. Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja s/f

  
Jón Norðfjörð, framkvæmdastjóri

## Efnisyfirlit

<b>1. Atvinnurekstur, rekstrarþættir og staðsetning :</b> .....	<b>4</b>
1.1 Tegund atvinnurekstrar .....	4
1.2 Umfang atvinnurekstrar .....	5
1.3 Staðsetning.....	6
<b>2. Deiliskipulag,</b> .....	<b>7</b>
2.1 Um deiliskipulag .....	7
<b>3. Staðhættir</b> .....	<b>8</b>
3.1 Staðhættir á vinnslustað. ....	8
<b>4. Hráefni og orka</b> .....	<b>8</b>
4.1 Hráefni.....	8
4.2 Orkunotkun .....	8
<b>5. Losun út í umhverfið</b> .....	<b>9</b>
<b>6. Mengunarvarnir</b> .....	<b>9</b>
6.1 Reykhreinsibúnaður .....	9
6.2 Olíu- og setgildrur .....	9
6.3 Aðrar mengunarvarnir .....	9
<b>7. Eftirlit með losun</b> .....	<b>10</b>
7.1 Útblástur .....	10
7.2 Frárennsli .....	10
7.3 Annað eftirlit .....	10
<b>8. Innra eftirlit vegna losunar</b> .....	<b>10</b>
8.1 Sísmælingar útblásturs. ....	10
8.2 Annað innra eftirlit.....	10
<b>9. Úrgangur</b> .....	<b>11</b>
9.1 Botnaska.....	11
9.2 Flugaska.....	11
9.3 Annar úrgangur .....	11
<b>10. Tegund og magn úrgangs</b> .....	<b>11</b>
10.1 Botnaska.....	11
10.2 Flugaska.....	11



11. Lokaorð umsóknar.....	12
11.1 Fyrirhugaðar breytingar .....	12
11.2 Um umsókn .....	12
12. Fylgiskjöl með umsókn .....	12
12.1 Staðfesting frá Sorpu um móttöku úrgangs vegna rekstrarstöðvunar Kölku.....	12
12.2 Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004.....	12
12.3 Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. ....	12

## 1. Atvinnurekstur, rekstrarþættir og staðsetning :

(Úr 10. gr. reglugerðar 785/1999 msb., a liður: Lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta)

### 1.1 Tegund atvinnurekstrar

Söfnun, móttaka, meðferð og förgun úrgangsefna á athafnasvæði Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.


- I. Móttaka, flokkun og brennsla hvers konar heimilis- og rekstrarúrgangs, sem ekki flokkast sem spilliefni.
- II. Brennsla eldfims, fljótandi úrgangs, þ.m.t. olíuúrgangs eins og hann er skilgreindur í 3. gr. reglugerðar nr. 809/1999 um olíuúrgang.
- III. Brennsla eldfims, fljótandi úrgangs sem veldur ekki annarri losun í útblásturslofti en þeirri sem stafar frá gasolíu við brennslu í stöðinni.
- IV. Brennsla sóttmengaðs úrgangs.
- V. Brennsla brennanlegra spilliefna.
- VI. Móttaka, söfnun, flokkun, pökkun og flutningar spilliefna sem til falla á þjónustusvæði fyrirtækisins í móttöku- og flokkunarstöð og ekki er brennt í brennslustöðinni.
- VII. Móttaka, söfnun, flokkun, pökkun og flutningar annars úrgangs sem til fellur á þjónustusvæði fyrirtækisins í móttöku- og flokkunarstöð og ekki er brenndur í brennslustöðinni.
- VIII. Móttaka og brennsla dýraleifa, matarafanga frá skipum og flugvélum og annars sambærilegs úrgangs sem þarfnast eyðingar.

## 1.2 Umfang atvinnurekstrar

- Móttaka á allt að 25.000 tonnum af úrgangi á ári. Brennslustöðin Kalka sem afkastar allt að 1.7 tonn á klukkustund af brennanlegum efnum miðað við orkuinnihald 12.500 kJ/kg.
- Brennslustöð, skrifstofubygging, rafstöð, móttöku og flokkunarstöð og þrjú geymsluskýli eru á Berhólabraut 7 í Reykjanesbæ.
- Móttöku og flokkunarstöðvar eru einnig að Jónsvör 9, 190 Sveitarfélaginu Vogum og Nesvegi 1, 240 Grindavík.
- Geyslurými er í brennslustöðinni fyrir allt að 200 tonn af heimilis- og rekstrarúrgangi sem ekki flokkast sem spilliefni.
- Geymsla er í brennslustöð fyrir allt að 25 tonn á basísku íblöndunarefni til reykhreinsunar
- Uppsöfnun botnösku er allt að 30 tonn þar til hún er send til urðuðunar hjá SORPU í Álfsnesi.
- Aðstaða til geymslu flokkaðra úrgangsefna í krókhreysisgámum á lóð fyrirtækisins.
- Geymsla á brennsluolíu (diesel) í 6m<sup>3</sup> tanki.
- Geymsla annarra efna ss. spilliefna og sóttmengaðs úrgangs er óveruleg og fara þau í brennslu jafnóðum og þau berast til fyrirtækisins.
- Umfang starfseminnar er að mestu leyti jöfn yfir árið. Unnið er í brennslustöð á vöktum allan sólarhringinn. Fjöldi fastra starfsmanna fyrirtækisins er samtals 17.



### 1.3 Staðsetning



MYND 1 TEKIN AF VEFSÍÐU JA.IS 20.11.2014

Kalka brennslu- og flokkunarstöð Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja s/f er staðsett að Bergbólbraut 7 í Reykjanesbæ. Hún er á skilgreindu hafnar- og iðnaðarsvæði í Helguvík í Reykjanesbæ, samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024



Staðsetning Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja s/f (Kölkú). Mynd tekin af vefsíðu ja.is 20.11.2014







### 3. Staðhættir

(Úr 10. gr. reglugerðar 785/1999 msb., c liður: Lýsing á staðháttum á vinnustað)

#### 3.1 Staðhættir á vinnslustað.

Berghólabraut 7 og 7a eru samliggjandi afgirtar iðnaðar- og athafnalóðir, 13.600 m<sup>2</sup> og 4800 m<sup>2</sup> nyrst í landi Reykjanesbæjar við sveitarfélagamörkin að Sveitarfélaginu Garði. Norðan við lóðirnar er athafnasvæði Norðuráls í Sveitarfélaginu Garði, þar sem álver er fyrirhugað. Austan við lóðirnar er steypustöð og lóðarmörk að sunnan verðu liggja að Berghólabraut. Athafnasvæði Íslenska Gámafélagsins er vestan við lóðirnar.

Á Berghólabraut 7 er brennslu- og flokkunarstöð 1214 m<sup>2</sup>, vigtarhús 191 m<sup>2</sup>, rafstöðvarhús 56 m<sup>2</sup>, og þrjú (3) geymslúhús 21 m<sup>2</sup> hvert. Athafnasvæði er steyp og/eða malbikað.

Berghólabraut 7a er geymslusvæði, slétt með malarlagi.

### 4. Hráefni og orka

(Úr 10. gr. reglugerðar 785/1999 msb., d. Upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem notuð er eða framleidd)

#### 4.1 Hráefni

Í grein 2.1, lið: I – V er upptalning á hráefnum (brennsluefnum) sem Kalka, brennslustöð Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja s/f tekur við (notar) en auk þeirra eru helstu efni sem notuð eru:

- Basísk íblöndunarefni til að hreinsa ýmis efni úr útblæstri Kólku.
- Gasolía til forhitunar brennslulínu eftir stopp og sem eldsneyti á vélar og tæki.
- Steinolía og propangas til forhitunar brennslulínu eftir stopp.
- Heitt og kalt vatn til upphitunar og þrifa.
- Saltsýra og lútur til hreinsunar á ketilvatni.

#### 4.2 Orkunotkun

Rafmagn er notað í lýsingu og til keyrslu brennslulínu Kólku. Orka úr þéttivatni gufuketils er endurheimt og notuð til upphitunar húsnæðis ásamt hitaveitu. Propangas, gas- og steinolía eru notuð til forhitunar brennslulínu eftir stopp.

## 5. Losun út í umhverfið

(Úr 10. gr. reglugerðar 785/1999 msb., d liður: Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið.)

Í Grænu bókhaldi Kólku, sem er aðgengilegt á heimasíðu Umhverfisstofnunar, eru upplýsingar um magn efna í útblæstri brennslustöðvarinnar, sjá: <http://www.ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/urgangur-og-efnamottaka/sudurnes/sorpeydingarstod-sudurnesja/>

Fráveituvatn frá Berghólabraut 7, regnvatn, skólp og kælivatn fer út í fráveitukerfi Reykjanesbæjar.

## 6. Mengunarvarnir

(Úr 10. gr. reglugerðar 785/1999 msb., f liður: Lýsing á þeim mengnarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun)

### 6.1 Reykhreinsibúnaður

Magn brennsluefna inni í brennslulínu Kólku á hverjum tíma er ekki meira en svo að hægt er að virða losunamörk í útblæstri. Í Kólku er reykhreinsibúnaður af þurrhreinsi gerð, sem tryggir að styrkur efna í útblæstri fer ekki yfir losunarmörk. Þurrhreinsibúnaðurinn virkar í meginatriðum á þann veg að basískum íblöndunarefnum (sóða og virkum kolum) er blandað saman við útblástur brennslulínunnar eftir kælingu. Efnin eru síðan síuð úr útblæstrinum og verður þá til efni sem kallað er flugaska. Hreinsuðum útblæstri brennslunnar er síðan blásið út um reyk háf sem er 25 m hár. Ekki er talin hætta af losum útblásturs Kólku út í andrúmsloftið.

### 6.2 Olíu- og setgildirur

Frárennsli bygginga- og athafnasvæðis fer í gegnum olíu- og setgildirur á leið sinni að frárennsliskerfi Reykjanesbæjar. Gildirur eru losaðar reglulega og efnum úr þeim brennt í brennslustöðinni.

### 6.3 Aðrar mengunarvarnir

Framkvæmt er reglulegt og fyrirbyggjandi viðhald á brennslustöðinni, m.a í samræmi við áætlun þar um og brugðist er við öllum bilunum eins fljótt og unnt er. Í eftirbrennslu er sjálfvirkur brennari sem ræsist við 850°C en hitastig eftirbrennslu er oftast um 1100°C. Úrgangur úr þurrhreinsibúnaði (flugaska) er sendur til Noregs í endurnýtingu. Úrgangur úr ofni brennslunnar (botnaska) er málmhreinsaður. Málmurinn fer í endurvinnslu en annar úrgangur fer í urðun hjá Sorpu í Álfsnesi.

Sjá einnig fylgiskjal 12.1 : Viðbragðsáætlun við bráðamengun.



## 7. Eftirlit með losun

(Úr 10. gr. reglugerðar 785/1999 msb., g liður: Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið.)

### 7.1 Útblástur

Vélstjóri á vakt í stjórnstöð fylgist með símælitækjum og takmarkar magn brennslufna inni í brennslulínu á hverjum tíma og þannig að hægt er að virða losunamörk í útblæstri.

### 7.2 Frárennsli

Fylgst er með olíu- og setgildrum og þær tæmdar eftir þörfum.

### 7.3 Annað eftirlit

Reglulegt eftirlit er með athafnasvæðum, vél- og tækjabúnaði þ.m.t lekum og öðrum umhverfispáttum í starfsemi fyrirtækisins.

## 8. Innra eftirlit vegna losunar

(Úr 10. gr. reglugerðar 785/1999 msb., h liður: Lýsing á tilhöguninnra eftirlits vegna losunar út í umhverfið.)

### 8.1 Síamælingar útblásturs.

Reglulega er tekið afrit af síamælitækjum útblásturs og er Umhverfisstofnun sendar niðurstöður mælinganna ársfjórðungslega. Tvisvar sinnum á ári eru gerðar ítarlegri mælingar af óháðum aðila og þá mælt m.a. Díoxín/fúrön og þungmálmar. Framkvæmdar eru mælingar á útskolunareiginleikum ösku frá brennslustöðinni. Reglulega eru framkvæmdar kvarðanir á útblásturs mælitækjum brennslulínunnar af óháðum aðilum.

### 8.2 Annað innra eftirlit.

Skráð er í sérhæft viðhaldsstjórnunarkerfi. Haldin er véladagbók og skráð í hana dagleg vinna, viðhald og viðgerðir á brennslustöðinni. Einnig er skráð í dagbókina daglegt magn spilliefna og sóttmengaðs úrgangs sem sett er inn í brennsluna. Gerðar eru árskýrslur þar sem farið er yfir niðurstöður útblástursmælinga og þær bornar saman við niðurstöður seinustu þriggja ára. Haldið er grænt bókhald og því skilað árlega til Umhverfisstofnunar. Haldnar eru skrár yfir móttækin efni.



## 9. Úrgangur

(Úr 10. gr. reglugerðar 785/1999 msb., i liður: Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á)

### 9.1 Botnaska

Í samræmi við eðli starfsemi sorpbrennslustöðva verður til töluvert magn botnösku. Málmar eru sigtaðir frá botnöskunni, askan uppfyllir kröfur sem gerðar eru til spilliefna sem mega fara í urðun á almennum urðunarstöðum og er henni fargað hjá Sorpu í Álfsnesi en málmarnir fara í endurvinnslu.

### 9.2 Flugaska

Í samræmi við eðli starfsemi sorpbrennslustöðva verður til töluvert magn flugösku. Flugaska Kólku er flutt til Noregs samkvæmt samningi þar um og endurnýtt af norska fyrirtækinu Noah a/s

### 9.3 Annar úrgangur

Öðrum úrgangi ss. vökvum og föstum efnum sem dælt er upp úr frárennisskiljum á lóð fyrirtækisins er brennt í brennslustöðinni.

## 10. Tegund og magn úrgangs

(Úr 10. gr. reglugerðar 785/1999 msb., j liður: lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna.)

### 10.1 Botnaska

Botnasaka er fasta efnið sem kemur úr ofninum eftir brennsluna. Magn botnösku hefur verið um 1600 tonn á ári undanfarin 2 ár þar af hefur magn málma, sem fara í endurvinnslu, verið um 200 tonn á ári.

### 10.2 Flugaska

Flugsaka er fast efni sem er síað úr útblæstrinum með reykhreinsi búnaði stöðvarinnar. Flugaskan er mestmegnis basísk íblöndunarefni ásamt efnum sem íblöndunarefnin veiða úr útblæstrinum. Magn flugösku hefur verið um 350 tonn á ári undanfarin 3 ár

## 11. Lokaorð umsóknar

(Úr 10. gr. reglugerðar 785/1999 msb., k liður: Lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða)

### 11.1 Fyrirhugaðar breytingar

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja er stöðugt að leita allra leiða til umbóta í rekstri og starfsemi. Lágmarka útblástur og úrgang eins og kostur er og auka enduvinnslu og nýtingu. Fyrirhuguð er bygging botnöskugeymslu, yfirbyggð án frárennslis, norðan við brennslustöð sem rúmað gæti allt að þriggja vikna botnöskumagn. Verið er að kanna möguleika á byggingu geymsluhúsnæðis á lóð fyrirtækisins fyrir geymslu á flugösku, spilliefnum o.fl.

### 11.2 Um umsókn

Við teljum ekki þörf á að láta fylgja með sérstaka samantekt, sem er ekki á tæknimáli, um þau atriði sem fram koma í umsókninni eins og mælst er fyrir um í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem gæti mengað nr. 785/1999.

Við vonum að þessi umsókn fullnægi skilyrðum í reglugerð um umsókn um starfsleyfi. Ef upplýsingar vantar vinsamlegast hafið samband við undirritaðan í rafpósti: [ingtor@kalka.is](mailto:ingtor@kalka.is) og þær verða útvegaðar eins fljótt og unnt er.

## 12. Fylgiskjöl með umsókn

12.1 Staðfesting frá Sorpu um móttöku úrgangs vegna rekstrarstöðvunar Kólku.

12.2 Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004

12.3 Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar.

Reykjanesbæ 18. desember 2014.

Virðingarfyllst,

f/h Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja s/f



Ingþór Karlsson, rekstrarstjóri brennslu



Jón Norðfjörð, framkvæmdastjóri



## Samkomulag

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf., kt. 531278-0469 (Kalka) og SORPA bs. kt. 510588-1189 gera með sér eftirfarandi samkomulag um gagnkvæma móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs sem upprunninn er á starfssvæði SORPU bs. og Kólku.

### 1. gr.

#### Markmið og tilgangur

Markmið og tilgangur þessa samnings er að tryggja hagkvæma, örugga meðhöndlun, meðferð og förgun þess úrgangs sem upprunninn er á starfssvæðum hvors aðila en gæti þurft að farga eða endurvinna á starfssvæðum hins.

### 2. gr.

#### Viðfangsefnið

Samningur þessi nær til eftirfarandi viðfangsefna:

- a. Neyðarmóttaka á almennum úrgangi komi til þess að brennslustöðin Kalka verði óstarfhæf um takmarkaðan tíma. Mun þá SORPA taka við óbögguðum óendurvinnanlegum heimilis og rekstrarúrgangi frá Kólku í móttökustöðinni í Gufunesi. Jafnframt mun SORPA bs. taka við óendurvinnanlegum óbagganlegum úrgangi í Álfsnesi.
- b. SORPA tekur við flokkuðum úrgangsefnum til endurvinnslu. Til þessara efna teljast dagblaða- og tímaritapappír, umbúðapappír og pappi, umbúðaplast, plastfilma og ólitað timbur. SORPA bs. skuldbindur sig til að koma þeim úrgangi til viðurkenndrar endurvinnslu eins og aðstæður leyfa hverju sinni.
- c. SORPA bs. tekur við og ráðstafar öðrum efnum til endurvinnslu eða förgunar eftir því sem hentar þykir og skv. nánara samkomulagi aðila þar um. Um er að ræða efni eins og dekk, litað timbur, málma og botnösku frá brennslustöðinni.
- d. Kalka tekur að sér að taka við ristarúrgangi, plasti og fleiri úrgangsefnum til brennslu í þeim tilvikum sem ekki eru aðrar leiðir færar og í þeim tilvikum sem möguleikar og geta Kólku leyfa.

SORPA getur ekki tekið við spilliefnum frá Kólku og því nær samkomulagið ekki til þessa úrgangs né til garðaúrgangs eða landbúnaðarúrgangs (t.d. tað, mykja, hey osfr).

### 3.gr.


#### Magn úrgangsefna

Á árinu 2013 tók Kalka við um 9.400 tonnum af úrgangi til brennslu í brennslustöð fyrirtækisins í Helguvík. Til viðbótar var flokkað til endurvinnslu um 1.045 tonn af ýmsum úrgangsefnum auk þess fóru til urðunar um 990 tonn

### 4. gr

#### Endurgjald

Samningur þessi er byggður á gjaldskrá SORPU bs og Kólku eins og þær eru hverju sinni. Gjaldskrá SORPU bs tekur breytingum tvisvar sinnum á ári skv. vísitölubreytingum. Grunnverð allra flokka sem SORPA bs. móttækur frá Kólku er gjaldskráin eins og hún er 1. júlí 2014. Nokkrir gjaldskrárflokkar SORPU bs eru hins vegar háðir ytri aðstæðum s.s.





heimsmarkaðsverði á brotajárni, pappír, pappa, plasti og kolum auk þess sem ákvarðanir Úrvinnslusjóðs geta breytt forsendum gjaldskrár.

**6. gr.**


**Tímaáætlanir og lengd samnings**

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2015. Samningurinn er uppsegjanlegur með 3ja mánað fyrirvara og framlengist sjálfkrafa um þrjú ár hafi honum ekki verið sagt upp.


Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar fyrirtækjanna

Reykjavík 6. nóvember 2014

f.h. Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.

  
Jon Norðfjörð

f.h. SORPU bs

  
Björn H. Halldórsson

STAÐFESTING  
Ábyrgðartrygging

Vátryggingafélag Íslands hf  
Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5000  
kt. 690689-2009, www.vis.is



Sorpeyðingarstöð Suðurnesja  
Berghólabraut 7  
230 Reykjanesbær

Kennitala: 531278-0469  
Skírteini nr. 7126015  
Tímabil: 1.01.2014-31.12.2015

Vátryggingafélag Íslands hf staðfestir hér með ábyrgðartryggingu.

Skilmáli: AA20 Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar

Starfsemi: Sorpeyðingarstöð  
Vátryggingarfjárhæð er kr. 278.500.000 í hverju tjóni  
og samtals á vátryggingartímabilinu.

Eigin áhætta er 10,0% í hverju tjóni, lágmark kr. 94.000, hámark kr. 943.000.

Töggjaldaskuld á tryggingu er kr. 0

Hið tryggða

Sorpeyðingarstöð - sjá sérskilmála  
Grunngjald

Fjöldi  
1,00  
1,00

SÉRSKILMÁLI VEGNA VARNA GEGN MENGUN HAFS OG STRANDA.

Vátrygging þessi tekur einnig til tjóns eða skaða á mönnum, dýrum, lífríki, jarðvegi og efnislegum verðmætum vegna mengunar hafs og stranda, sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða, svo og kostnaðar af ráðstöfunum til að takmarka slíkt tjón eða skaða, þótt það verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi, sbr. 16. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar nr. 1078/2005.

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar og á hverju vátryggingartímabili samkvæmt þessum bótalið takmarkast við SDR 1.000.000. Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Eigin áhætta vátryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu tjónþola. Félaginu er heimilt að endurkrefja hvern þann sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Reykjanesbæ, 8. desember 2014

Magnús Geir Jónsson



Vátryggingafélag Íslands hf.





## ÁÆTLUN UM VIÐBRÖGÐ VIÐ BRÁÐAMENGUN OG REKSTARSTÖÐVUN





## Viðbrögð við bráðamengun

Neyðarlínan; sjúkrabífreið, slökkvilið og lögregla: sími 112  
Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

Bráðamengun er skilgreind í lögum nr. 33/2004 sem mengun hafs og stranda, sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða.

Kalka, Berghólabraut 7, 230 Reykjanesbæ. Sími: 421 8010.  
Tölvupóstur: [kalka@kalka.is](mailto:kalka@kalka.is). Netfang: [www.kalka.is](http://www.kalka.is)  
Fjarlægð frá sjó er 600 metrar.

Í Kölku og á lóð stöðvarinnar eru helstu hættur á bráðamengun vegna skyndilegs olíuleka frá olíugeymi norðan við stöðina og síðan vegna eftirlitsskyldra efna og spilliefna sem koma þangað til eyðingar.

Helstu efni sem notuð eru í Kölku eru brennsluolía á lyftara og til upphitunar stöðvarinnar, þvottaefni á gólf, vélar og tæki, glussi og frostlögur, sýra og lútur eru notuð í lokuðu kerfi til þrifa á ketilvatns hreinsitæki.

Brennsluolía er í 5.800 lítra olútank sem er norðan við stöðina hann stendur á steypu plani án niðurfalls. Plan tanksins er við hlið plans sem hefur niðurföll í frárennsliskerfi Kölku. Brennsluolía er einnig á tveim lyfturum samtals um 100 l. Olía sem berst í jarðveg getur spillt grunnvatni.

Þvottaefni, eru í tveimur til þremur 20 l brúsum, þau eru vatnsleysanleg og ekki talin hættuleg í því magni sem þau eru notuð.

Glussi er á sorpkvörn og innmötunar búnaði ásamt tveimur lyfturum samtals um 500 l. Varan er ekki flokkuð sem hættuleg heilsu eða umhverfi skv. gildandi reglum.

Frostlögur er á ketilvatns kælikerfi og tveimur lyfturum, hann almennt ekki talinn skaðlegur umhverfinu í því magni sem hann er notaður.

Sýra og lútur, í 80 l tönkum, eru ætandi efni. Verði leki skal skola strax með vatni. Komist efnin í snertingu við menn skal skola strax með miklu vatni og hafa samband við Neyðarlínuna í síma 112.

### Persónulegur hlífðarbúnaður

Starfsmenn Kölku og/eða verktakar sem koma að hverskonar vinnu vegna bráðamengunar í Kölku skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og fatnað ss. ógegndræpa hlífðarhanska og hlífðargleraugu eða andlitshlýfar. Viðhafa skal góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna.

### **Meiriháttar leki**

Verði leki úr olíutanki mikill og skyndilegur ber starfsmönnum fyrst að tryggja eigið öryggi og síðan annarra sem hugsanlega gætu verið í hættu vegna lekans. Telji starfsmenn sig ekki getað stöðvað lekann fljótlega skal hringja í 112 og óska eftir aðstoð við að hindra leka og taka að sér skipulag hreinsunar. Eftir heftingu/stöðvun leka skal hreinsa upp með ísogsefnum og kalla til aðila til að dæla upp úr olíuskilu, safnþróum og brunnum. Berist olía í jarðveg skal moka honum strax upp. Því efni er safnað í viðeigandi ílát til brennslu í brennslukerfi stöðvarinnar. Öll mengunar óhöpp skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar eins fljótt og hægt er.

### **Minniháttar leki**

Ýmis efni sem koma til eyðingar og geta valdið mengun í Kólku er eftirlitsskyldur úrgangur og spilliefni sem koma að mestu frá Efnamóttökunni ehf og Hringrás hf í Reykjavík. Þessi úrgangur kemur í körum og tunnum og er geymdur á plani og í gámum vestan við stöðvarhús Kólku. Að auki er tekið á móti smávægilegum svipuðum úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum.

Verði óhapp sem orsakar minniháttar leka olíuefna, eftirlitsskyldra efna eða annarra efna skal fyrst að tryggja eigið öryggi og síðan annarra sem hugsanleg gætu verið í hættu vegna lekans. Telji starfsmenn sig vera í hættu og eða/ekki getað stöðvað lekann fljótlega skal hringja í 112 og óska eftir aðstoð. Fari eitthvað að vökva í niðurföll skal hreinsa upp með ísogsefnum og kalla til aðila til að dæla upp úr olíuskilju, safnþróum og brunnum. Berist efnin í jarðveg skal moka honum strax upp. Því efni er safnað í viðeigandi ílát til brennslu í brennslukerfi stöðvarinnar. Öll mengunar óhöpp skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar eins fljótt og hægt er.

Allt frárennsliskerfi Kólku er tengt olíuskiljum áður en það er leitt í brunna sem síðan tengjast fráveitukerfi Reykjanesbæjar.

Miðað við núverandi aðstæður og forvarnir gegn mengunaróhöppum eru mjög litlar eða engar forsendur fyrir því að starfsemi Kólku geti valdið bráðamengun hafs eða stranda eins og hún er skilgreind í lögum nr. 33/2004.



## Áætlun vegna óvæntrar stöðvunar á brennslulínu

### Starfssvæði Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.

Starfssvæði Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. nær yfir sveitarfélögin á Suðurnesjum, þau eru Sveitarfélagið Garður, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Vogar. Sorphirða er í höndum ýmissa verktaka.

### Brennsla

Allur almennur úrgangur (nema sprengiefni, geislavirkt efni, járn og óbrennanlegt) aðallega frá heimilum og rekstraraðilum á starfssvæðinu er brenndur í Kólku skv. starfsleyfi Kólku gefið út af Umhverfisstofnun 2006

### **Rekstrartruflanir**

Viðbrögð vegna stöðvunar á rekstri brennslulínu Kólku fara eftir eðli bilana og/eða áætlaðs viðgerðartíma.

### Rekstrarstöðvun allt að 7 dagar

Ef kemur til rekstrarstöðvunar brennslunnar í allt að 7 daga er hagrætt í safngryfju stöðvarinnar. Að auki er haft samband við stærri þjónustuaðila til að fresta hreinsun og/eða móttöku efna til brennslu eftir því sem við á og hægt er. Stöðva þarf móttöku á sóttmenguðum úrgangi og spilliefnum.

### Rekstrarstöðvun allt að 21 degi

Dragist rekstrarstöðvun í allt að 21 daga eða lengur verður að safna úrgangi af starfssvæði stöðvarinnar sem annars færi til brennslu í viðeigandi ílát til geymslu á lóð stöðvarinnar og/eða senda úrganginn í urðun til Sorpu í Reykjavík.